

Ásta Einarsdóttir, atvinnurekandi og frumkvöðull.

Ásta Einarsdóttir hefur rekið *Gleraugnaverslunina Geisla* á Akureyri í yfir 30 ár.

Ásta hefur mikinn áhuga á geðheilsu og vellíðan en sjálf hefur hún reynslu af kvíða og þunglyndi, og er sú reynsla kveikjan að því frumkvöðlaverkefni sem hún vinnur nú að: *Hvert get ég leitað?*

Verkefnið felst í að þróa aðgengilega heimasíðu þar sem börn, foreldrar og kennarar geta fundið upplýsingar um vanlíðan og hvert hægt er að leita eftir aðstoð. Ásta hefur mikinn áhuga á vellíðan, forvörnum og því að styðja fólk á erfiðum tímum.

Ásta hefur lokið námi sem ISPI leiðbeinandi (The International Scientific & Pedagogical Institute) og farið á ýmis námskeið í jóga og hugleiðslu.

Hún á sér mörg áhugamál, meðal annars ferðalög og útiveru, spila, hitta fólk og að kynnast nýju fólki.